



4. Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi.

Pétur Hafþór Jónsson hefur áratuga reynslu af útgáfu á kennsluefni í tónmennt fyrir grunnskóla: kennslubókum, kennsluleiðbeiningum, vinnubókum og hlustunarefni. Hann brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík sem tónmenntakennari árið 1977 og lauk prófi í tónvísindum frá háskólanum í Álaborg árið 1996.

Pétur Hafþór hefur verið kennari í Austurbæjarskóla frá 1976, að undanskildum þeim þremur árum sem hann var við framhaldsnám í Álaborg. Hann hefur á starfsferli sínum byggt upp og stjórnað kór skólans sem víða hefur komið fram.

Pétur Hafþór hefur um árabil lagt stund á námsefnisgerð um tónlist. Bók hans *Hljóðspor*, sem gefin var út af Námsgagnastofnun árið 2007 ásamt fylgiefni, þ.e. ítarlegum kennsluleiðbeiningum og hlustunarefni – um 5 klst. á fjórum geisladiskum – er að mati dómnefndar framsækið og nýstárlegt námsefni. Í námsefninu er gerð grein fyrir þróun dægurtónlistar á 20. öld og tengslum hennar við tónlistarmenningu ungs fólks. Þetta er gert á afar aðgengilegan hátt með lýsingum og tónlistardæmum af ýmsu tagi. Dregin er upp mynd af því hve sterkt afl tónlist er í uppeldi barna og unglunga og áhrifamikið til sköpunar og samkenndar í samfélagi nútímans.

Hljóðspor – Kennarabók og hljóðdiskarnir sem fylgja bókinni eru ítarlegt efni. Mikið er lagt upp úr því að nemendur spreyti sig saman á útsetningum, hljóðfæraleik og söng af ýmsu tagi. Áhersla er lögð á að í tónmennt geti nemendur sett sig í spor annarra, skilið og deilt hugmyndum, tilfinningum og reynslu með öðrum.

Það er mat dómnefndar að bókin *Hljóðspor* ásamt fylgiefni sé mikilvægt framlag til aukinnar fjölbreytni í námsefni til tónmenntarkennslu í grunnskólum og hún verði skólum landsins hvatning til að leggja aukna áherslu á tónmennt. Námsefnið er vandað að allri gerð. Ásamt markvissri fræðslu um tónmenntir getur það stuðlað að aukinni samkennd meðal barna og unglunga í íslensku samfélagi sem verður fjölmenningarlegra með ári hverju.